

Hafnarfjarðarbær
Ráðhúsið Strandgötu 6
Bæjarstjóri, Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir

Hafnarfjörður 23. ágúst 2013

Þann 17. september næstkomandi verða liðin 25 ár frá því að Hafnarfjörður og Cuxhaven í Þýskalandi stofnuðu til vinbæjarsamstarfs. Samkomulagið var undirritað í Cuxhaven þann 17. september 1988.

Mánudaginn 7. október næstkomandi eru væntanlegir gestir til Hafnarfjarðar frá íþróttafélaginu TSV Altenwalde í Cuxhaven. Um er að ræða 25 stúlkur á aldrinum 16 til 19 ára, sem koma í æfinga- og kynnisferð í handbolta. Alls eru 30 manns í handboltahópnum með þjálfurum og liðsstjórum. Gestirnir munu dvelja í Hafnarfirði í eina viku og er brottför mánudaginn 14. október. Handknattleiksdeild FH eru gestgjafar TSV Altenwalde. Fyrsta heimsókn TSV Altenwalde til Hafnarfjarðar var í október 2010. Þá komu um 35 unglingar og voru gestgjafar handknattleiksdeildir FH og Hauka. Í ágúst 2012 heimsótti FH meistaraflokkur kvenna íþróttafélagið TSV Altenwalde í Cuxhaven og var dvalið í eina viku við æfingar og kynnisferðir.

Hugmyndin að íþróttatengslum Cuxhaven/TSV Altenwalde og Hafnarfjörð kemur frá blaðamanninum Herwig Witthohn, sem vinnur á borgarblaðinu „Cuxhaven Nachrichten“. Vinnuheiti á samskiptunum er „Woche des Sports“, sem hægt er að þýða á íslensku sem „Íþróttavikan“. Framundan þann 7. til 14. október er 3. íþróttavikan, sem haldin verður frá haustinu 2010.

Von er á um 25 gestum á eigin vegum frá Cuxhaven til viðbótar við 30 manna handboltahópinn frá TSV Altenwalde. Það eru fulltrúar íþróttafélagsins, fulltrúar íþróttamála í Cuxhaven, fulltrúar blaðamanna í Cuxhaven, foreldrar stúlkna í handboltaliðinu og fulltrúar frá vinabæjarfélaginu.

Stjórn vinabæjarfélagsins í Hafnarfirði hefur unnið að þeirri hugmynd að 25 ára afmælishátíð vinabæjarsamskipta við Cuxhaven verði haldin laugardaginn 12. október næstkomandi, í tengslum við heimsókn íþróttafélagsins TSV Altenwalde.

Vinabæjarfélögin hafa borið þungan af afmælishátíðum til skiptis. Árið 1998 var haldið upp á 10 ára afmælið í september í Hafnarfirði. Afmælishátíð var einnig haldin í Cuxhaven í október það sama ár, þar sem fyrrverandi forseti Íslands frú Vigdís Finnbogadóttir heimsótti Cuxhaven ásamt sendiherra Íslands í Þýskalandi. Í september 2003 var 15 ára afmælishátíð haldin í Hafnarfirði. Í október 2008 var fyrirhuguð 20 ára afmælishátíð í Cuxhaven, þar sem forseti Íslands herra Ólafur Ragnar Grímsson áformaði að heimsækja Cuxhaven í lokin á opinberri heimsókn til Þýskalands. Fyrirhuguð heimsókn forseta Íslands féll niður vegna bankahrunsins í október 2008. 20 ára afmælishátíðin var haldin í Cuxhaven í lok janúar 2009. Nú er komið að 25 ára afmæli á vinabæjarsamskiptum Hafnarfjarðar við Cuxhaven og er áformað að þau verði haldin í Hafnarfirði í október næstkomandi.

Stjórn vinabæjarfélagsins í Hafnarfirði óskar eftir samstarfi við Hafnarfjarðarbæ við undirbúning og framkvæmd 25 ára afmælishátíðar vinabæjarsamskipta á milli Hafnarfjarðar og Cuxhaven, sem áformuð er laugardaginn 12. október næstkomandi.

*Virðingarfyllt,
Gísli Ó. Valdimarsson
formaður stjórnar vinabæjarfélagsins Cuxhaven-Hafnarfjörður*